

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Fossabrekkur, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 10. febrúar 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Fossabrekkur. Helstu markmið deiliskipulagsins eru að auka öryggi allra vegfarenda, bæta aðgengi að og vernda náttúru og ásýnd svæðisins, stuðla að upplifun sem byggist á náttúrufegurð og staðaranda, fræða vegfarendur um náttúru og sögu svæðisins og styðja við ferðamennsku í Rangárþingi ytra. Aðkoma að svæðinu er frá Landvegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 18. maí 2022.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 2. júní 2022